

Nd.

395. Frumvarp

til laga um viðauka við lög um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, og lög um viðauka við þau lög, nr. 34 31. maí 1927.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 34 31. maí 1927 (4. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887) komi: Ákvæði 89. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, gilda eigi um veðrétt þennan.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887 komi:

Svo er og þeim, er veðsetur skrásett skip, rétt að semja svo um, að skipinu skuli, auk venjulegs fylgifyr, fylgja aðrir lausafjármunir, sem ætlaðir eru til notkunar á skipinu, svo sem kola- og oliubirgðir þær, sem í skipinu eru í hvert skipti, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk bankastjórna Landsbankans og Útvegsbankans og felast í því tvær breytingar á núgildandi lögum um veð. Fyrri breytingin, sem felst í 1. gr. frumv., er sú, að ákvæði 89. gr. skiptalaga frá 12. apríl 1878 skuli eigi gilda um sjálfsvörzluveð í afla fiskiskips, sem sett er lánsstofnun, sem veitt hefir lán til útgerðar skipsins, til tryggingar því láni, sbr. lög nr. 34 31. maí 1927. Eins og nú er ástatt, stendur sjálfsvörzluveð í lausafé að baki öllum þeim kröfum, sem taldar eru í 82. og 83. gr. skiptalaganna. Það getur því farið svo, að lánsstofnun, er fengið hefir veð í fiski, er hún hefir lánað fé til þess að aflað yrði, missi að öllu eða nokkru leyti af veðrétti sínum, af því að veðsins fer til greiðslu á öðrum skuldum. Það virðist svo sem öll sanngirni mæli með því, að lánsstofnun sú, sem lagt hefir fé sitt í hættu til þess að skipið yrði gert út, standi framar öðrum um tryggingu í afla skipsins, og því er hér fram á þessa breytingu farið. Samkvæmt henni verður aðstaða þessara sjálfsvörzluveðhafa í þrotabúi veðsala hin sama og aðstaða þeirra skuldheimtumanna, sem veð eiga í fasteignum húsin.

Um hina breytinguna, 2. gr. frumv., skal þetta tekið fram: Þegar skrásett skip er selt að sjálfsvörzluveði, fylgir allt venjulegt fylgify þess með í veðinu. Hvert sé venjulegt fylgify skips, er ákveðið eftir því, hvaða hlutir venjulega eru látnir fylgja skipi í kaupum og sölum, og yfirleitt mun vera litið svo á, að það séu eigi aðrir hlutir en þeir, sem nauðsynlegir eru til þess að skipið geti farið ferða sinna, og þó eigi allir þeir hlutir. Segl og reiði, vél og nauðsynlegir véla-hlutir, skipsbátar, akkeri og festi eru þannig fylgify skipsins, en aftur á móti

t. d. ekki um siglingaáhöld. Og það, sem meira máli skiptir, margt annað, sem ætlað er til nota í skipi til annars en sjálfrar siglingar skipsins, er ekki venjulegt fylgifé, t. d. veiðarfæri, nótabátar á sildveiðiskipum, ýms búsgögn, er í skipinu þarf að hafa, oliu- og kolabirgðir, föst legufæri, er skipinu kann að vera ætlað að nota, o. fl. Þessa muni er ekki hægt að veðsetja með skipinu. Veð í þeim verður aðeins veitt sem venjulegt sjálfsvörsluveð í lausafé. Hér er farið fram á samskonar heimild til að veðsetja þessa muni með skipinu eins og veitt er í 5. og 6. gr. veðlaganna til að veðsetja lausafjármuni með jörðum og með verksmiðjum. Fjármunir þessir eru oft mikils virði og það mundi því auka veðgildi skipanna drjúgum, ef unnt væri að veðsetja þá með skipum, og oft munu þeir vera keyptir fyrir fé, sem tryggt er með veði í skipinu, og er þá eðlilegra, að tryggingin nái einnig til þeirra. Þess skal getið að því er snertir kola- og steinoliubirgðir skipsins, að ekki er ætlazt til, að veðið nái til annars en þess forða, sem í skipinu er í hvert skipti, og nær það því eigi til birgða þeirra af vörum þessum, er útgerðin kann að eiga í landi. Um aðra muni er veðrétturinn aftur á móti ekki bundinn við það, að þeir séu í skipinu, er að því er gengið, ef þeir eru ætlaðir til notkunar í því. Veðið getur því t. d. náð til varavörpu eða varanótar, er skipinu fylgir, en geymd er í landi.